# Sumarhátíð við Elliðavatn

## sumardaginn fyrsta, 24. apríl





Veiðikortið, SVFR, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Veiðifélag Elliðavatns standa fyrir sumarhátíð veiðimanna.

Dagskráin verður í höndum fræðslunefndar og Ungmennafélags SVFR auk Skógræktarfélags Reykjavíkur þar sem margt skemmtilegt og fræðandi verður í boði fyrir börn og fullorðna. Aðilar frá SVFR verða veiðimönnum innan handar og veita góð ráð milli 11-13. Hvetjum alla til að taka með sér veiðistangir. Þeir sem vilja taka þátt í skemmtilegum pödduratleik mega taka með sér krukku og sílaháf en eitthvað verður þó til á staðnum. Veiðifélag Elliðavatns býður upp á veiði í vatninu meðan hátíðin stendur yfir.

## Dagskrá:

**Kl. 10:00 - 11:00 Veiði og lífríki Elliðavatns**
Caddisbræður og Óli Urriði verða með sína árlegu fræðslukynningu og umræðu. Sérstakir gestir verða Örn Hjálmarsson og fleiri Elliðavatnssnillingar.

**Kl. 11:00 - 12:00 Skógarþrautir**
Skógarþrautir með Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Varðeldur og sykurpúðar ef gróður verður ekki of þurr.

**Kl. 12:00 - 13:30 Veiðihátíð krakkanna**

Kl. 12:00 Fræðsluefni fyrir börn á myndrænu formi sem er unnið af Óla Urriða.
Kl. 12:30 Lífríkið skoðað, léttur og skemmtilegur ratleikur við Elliðavatnsbæinn.
Kl. 13:00 Grillaðar pylsur.





SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR

SVFR

VEIÐIKORTIÐ

Veiðifélag Elliðavatns